

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Apríl 2021

Almennt atvinnuleysi var 10,4% í apríl

Almennt atvinnuleysi var 10,4% í apríl og minnkaði úr 11,0% í mars. Atvinnuleysið var 11,4% í febrúar, 11,6% í janúar og 10,7% í desember. Vinnumálastofnun spáir því að almennt atvinnuleysi minnki áfram í maí m.a. vegna sérstakra atvinnuátaka stjórnvalda og vegna árstíðarsveiflu og verði á bilinu 9,2% til 9,8%.

Alls voru 20.003 einstaklingar atvinnulausir í almenna bótakerfinu í lok aprílmánaðar og fækkaði um 1.016 frá marslokum. Í minnkaða starfshlutfallinu voru 4.268 atvinnulausir í lok apríl eða um 1,1%. Samtals voru því 24.271 manns atvinnulausir í lok apríl og samanlagt atvinnuleysi því 11,5%.


Alls höfðu 6.495 almennir atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok apríl, en voru 6.207 í marslok 2021. Hins vegar voru þeir 2.393 í apríllök 2020. Hefur þeim því fjölgað um 4.102 milli ára.

Atvinnulausum fækkaði í öllum atvinnugreinum í apríl 2021 frá mánuðinum á undan, mest m.a. í ferðatengdri starfsemi eins og gisti- og veitingaþjónustu, farþegaflutningum, í sjávarútvegi, upplýsingatækni, o.fl.

Alls komu inn 1.972 ný störf sem auglýst voru í vinnu-miðlun hjá Vinnumálastofnun í apríl. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða. Flest voru störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu eða 551 starf. Flest auglýstra starfa eru átaksverkefni eða reynsluráðningar eða um 96%, önnur teljast almenn störf. Um 650 ráðningasamningar voru gerðir í apríl í áttakinu Hefjum störf. Flest starfanna eða 45%, eru á höfuðborgarsvæðinu, 13% á Suðurlandi og 11% á Suðurnesjum og eins Norðurlandi eystra. Þá eru 21% annars staðar á landinu.

Í apríl gaf Vinnumálastofnun út 176 atvinnuleyfi til útflensinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 115 til nýrra útflensinga á íslenskum vinnumarkaði og 61 leyfi var framlengt.

Próun atvinnuleysis máí 2020 til apríl 2021




Atvinnuástand eftir svæðum

Samanlagt atvinnuleysi í almenna kerfinu og í minnkaða starfshlutfallinu minnkaði alls staðar á landinu. Vegna færslu sveitarfélagsins Hornafjarðar frá Austurlandi til Suðurlands er samanburður á breytingum í þeim landshlutum ekki til staðar. Hlutfallslega minnkaði atvinnuleysið mest á Vesturlandi og Norðurlandi vestra og meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.


Mesta atvinnuleysið var á Suðurnesjum eða 23,0% þar sem það minnkaði úr 24,6% í mars. Næstmest var atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu þar sem það minnkaði úr í 12,0% í mars og í 11,5% í apríl. Minnsta atvinnuleysið var á Norðurlandi vestra 5,0% á Austurlandi 5,3% og á Vestfjörðum 5,5%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá heildaratvinnuleysi eftir landshlutum og hvernig það skiptist í almennt atvinnuleysi og minnkað starfshlutfall.

Próun almenns atvinnuleysis eftir svæðum



Skipting atvinnuleysis í almennt og minnkað eftir landsvæðum




Almenna atvinnuleysið er mest á Suðurnesjum eða 21,6% og minnkaði úr 23,2% í mars. Næst mest er almenna atvinnuleysið 10,4% á höfuðborgarsvæðinu og lækkar úr 10,9% frá því í mars.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig almennt atvinnuleysi hefur þróast eftir landsvæðum.

Heildaratvinnuleysi karla er nú 11,4% (10,3% í almenna kerfinu) en 11,6% meðal kvenna (10,5% í almenna kerfinu).

Heildaratvinnuleysi er hærra meðal karla en kvenna á höfuðborgarsvæðinu og á Vestfjörðum. Á Suðurnesjum er atvinnuleysið mun meira meðal kvenna en karla, eða 26,4% alls hjá konum en 20,7% hjá körlum.



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulausir í lok mánaðar

Almennir atvinnuleitendur þ.e. þeir sem ekki voru með minnkað starfshlutfall voru 20.003 í lok apríl, 10.830 karlar og 9.173 konur. Hefðbundið atvinnuleysi í apríl þ.e. án minnkaðs starfshlutfalls var 10,4% og minnkaði úr 11,0% í mars.

Alls voru 2.162 almennir atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok apríl í ár og hefur þeim fækkað um 139 frá mars 2021 en fækkað um 94 frá apríl 2020 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldersbili var 2.256.

Lengd á skrá

Alls höfðu 6.495 almennir atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok apríl, en voru 6.207 í marslok 2021. Hins vegar voru þeir 2.393 í apríllök 2020. Hefur þeim því fjölgað um 4.102 milli ára. Þeim sem hafa

verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fjölgaði lítilsháttar frá mars og voru 7.458 í lok apríl en 7.440 í lok mars. Í apríl 2020 var þessi fjöldi 2.914.

Atvinnugreinar og starfsstéttir


Atvinnulausum fækkaði í öllum atvinnugreinum í apríl 2021 frá mánuðinum á undan, mest m.a. í ferðatengdri starfsemi eins og gisti- og veitingaþjónustu og í farþegaflutningum, í sjávarútvegi, í upplýsingatækni, o.fl.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði mest atvinnulausum í apríl frá því í mars meðal sérmenntaðra, skrifstofufólks, við þjónustustörf, iðnaðarmanna o.fl. Þegar tölur eru bornar saman milli ára er fjölgun atvinnulausra frá apríl 2020 minnst meðal sérfræðinga, í sjávarútvegi, meðal vélafólks, iðnaðarmanna og verkafólks. Mest fjölgaði atvinnulausum meðal skrifstofufólks, sérmenntaðra og starfsmanna við ýmis þjónustustörf.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 8.039 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok apríl og fækkaði um 416 frá mars. Mesta fækkun atvinnulausra frá mars var meðal atvinnulausra erlendra ríkisborgara í ferðaþjónustu, í gistinga- og veitingagreinum og í ýmiss konar þjónustu. Þessi fjöldi samsvarar um 23,0% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Auk almennra atvinnuleitenda voru einnig erlendir ríkisborgarar á hlutabótaleið eða alls 1.241 og má gera ráð fyrir að heildaratvinnuleysi erlendra ríkisborgara hafi verið yfir 24,0% í apríl.

Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá er nú um 40%.




Flestir almennir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 3.870 sem er um 48% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar, Lettar, Rúmenar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok apríl 2021



Ný atvinnuleyfi eftir tegund í apríl 2021



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í apríl gaf Vinnumálastofnun út 176 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 115 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 61 leyfi var framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í apríl hvort sem var nýtt eða framlengt fengu sérfræðileyfi eða 44 leyfi. Þá voru gefin út 43 leyfi til íþróttafólks og 39 þjónustusamningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í apríl voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 51%. Um 27% vegna starfa sérhæfðs iðnverkafólks og 10% vegna starfa verkafólks. Um 12% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 22 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í apríl 2021 með samtals 85 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 269 í apríl á vegum 15 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 56%, 21% frá Litháen og 14% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa, eða um 9% starfsmanna, komu frá sex öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í apríl voru gefin út 146 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 95 einstaklingar, 15 fóru til Litháen og 10 til Rúmeníu. Þá voru gefin út 26 vottorð til viðbótar til 10 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, apríl 2021



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í apríl var gefið út 41 U1 vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Póllands, eða 19 vottorð og sex vottorð til Spánnar. Þau sem eftir standa eða 16 vottorð voru gefin út til 10 annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í apríl

Alls komu inn 1.972 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í apríl. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða, flest voru störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu eða 551 starf. Flest auglýstra starfa eru átaksverkefni eða reynsluráðningar um 96%, önnur teljast almenn störf. Um 650 ráðningasamningar voru gerðir í apríl í áttakinu Hefjum störf. Flest starfanna eða 45%, eru á höfuðborgarsvæðinu, 13% á Suðurlandi og 11% á Suðurnesjum og eins Norðurlandi eystra. Þá eru 21% annars staðar á landinu. Hægt er að skoða fjölda auglýstra starfa og ráðningar í áttakinu Hefjum störf ef smellt er á eftirfarandi link:

<https://vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/maelabord-hefjum-storf>

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	545	28%
Þjónustustörf	481	24%
Afgreiðslustörf	158	8%
Iðnaðarmenn	220	11%
Verkafólk í þjónustu	551	28%
Verkafólk í iðnaði, landb. o.fl.	17	1%
Samtals	1.972	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum


Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Vinnumálastofnun leggur mikla áherslu á að halda fólki í virkni enda sýna rannsóknir fram á mikilvægi þess. Allar þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar bjóða upp á námskeið af ýmsum toga í samstarfi við símenntunarstöðvar og aðra námskeiðshaldara. Þá stendur atvinnuleitendum til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur.

Í apríl tóku 4.165 einstaklingar þátt í hinum ýmsu úrræðum. Um 423 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá fóru 1.112 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið en einnig fóru margir á önnur starfstengd námskeið. Þá voru 737 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 361 einstaklingur var skráður í úrræðið Nám er tækifæri þar sem atvinnuleitendum býðst að stunda fullt nám á atvinnuleysisbótum í eina önn.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar

og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í apríl vann 91 einstaklingur að slíkri hugmynd. Þá voru 1.414 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir á ráðningarstyrk innan fyrirtækja og stofnana.

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í apríl 2021



- Grunnúrræði
- Námskeið
- Námskeið í framh.sk./háskóla
- Nám er Tækifæri
- Frumkvæði
- Nýsköpunarstyrkur
- Ráðningarstyrkur

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysisstölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum